



Borgarráð

Koparsléttu 5 - heimild til að selja byggingarrétt með útboðsfyrirkomulagi

Óskað er eftir heimild borgarráðs til að selja byggingarrétt lóðarinnar Koparsléttu 5 með útboðsfyrirkomulagi.

Greinargerð:

Samkvæmt gildandi skipulagi er lóðin Koparsléttu 5 (áður Kistumelur 5 og þar áður Kistumelur 3) 2.983 m² að stærð og hámarksbyggingarmagn 1.491 m². Lóð var nýtt sem geymslusvæði samkvæmt afnotasamningi frá árinu 2006. Samningur er útrunnin og er því lóð laus til úthlutunar.

Byggingarréttur lóðarinnar verður boðinn út með hefðbundnu útboðsfyrirkomulagi. Í útboðsgögnum verður tekið fram að almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar sem samþykktir voru í borgarráði 13. júní 2013 og breytt með samþykkt borgarráðs þann 2. júlí 2015 gildi, auk gildandi skipulags um lóðina. Tilboð verður lagt fyrir borgarráð til afgreiðslu.

Óli Jón Hertervig